

## AUGLÝSING

### um skrá Stykkishólmsbæjar skv. 6.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 6. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Stykkishólmsbær:	Bæjarstjóri.	Skipulags-og byggingarfulltrúi.
	Bæjarritari.	Slökkviliðsstjóri.
	Skólastjóri grunnskóla.	Forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar.
	Aðstoðarskólastjóri grunnskóla.	Skólastjóri Tónlistarskóla.
	Skólastjóri leikskóla.	Forstöðumaður bókasafns.
	Starfsmaður launadeildar.	Forstöðumaður Félagsmiðstöðvar.

Skrá þessi tekur þegar gildi.

*Stykkishólmi, 18. júlí 2005.*

**Þór Örn Jónsson** bæjarritari.

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Austurbyggðar.

#### I. KAFLI

#### Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

##### *Skipan sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn Austurbyggðar er skipuð sjö sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

##### 2. gr.

##### *Starfstímabil sveitarstjórnar.*

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

##### *Valdsvið sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn fer með stjórn Austurbyggðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.